

Ed.

60. Tillaga til þingsályktunar

um bændaskóla Suðurlands.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma þegar á þessu sumri nauðsynlegan undirbúning til stofnunar bændaskóla þeim, er reisa skal á Suðurlandi, ákveða skólanum stað, láta gera teikningar að byggingum, kostnaðaráætlanir o. s. frv., svo að ekki standi á slíku, er lagafyrirmæli um skóla þennan koma að öðru leyti til framkvæmda með fjárveitingu og byggingu skólans.

G r e i n a r g e r ð .

Í lögum þeim frá síðasta Alþingi, er ákveðna, að reisa skuli bændaskóla þennan, er svo fyrir mælt, að það skuli gert svo fljótt sem unnt er, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum. Það má fullyrða, að almennur áhugi er fyrir því á Suðurlandi, að málinu verði fylgt fast á eftir, en framkvæmd þess eigi dregin á langinn. Það er því bæði í samræmi við ákvæði laganna og almennan vilja þeirra, er að skólanum eiga að búa, að ríkisstjórnin sé með þinglegri ályktun hvött til að hefjast þegar handa og láti á engu standa um nauðsynlegan undirbúning, er fjárlagaþing kemur saman og leitað verður framlags til að reisa bændaskóla Suðurlands.

Það er rétt að taka það hér fram og leggja á það áherzlu, að í sérákvæði um stofnun þessa skóla er svo fyrir mælt, að með reglugerð skuli lögð megináherzla á það, að tilraunastarfsemi og önnur verkefni skuli sniðin eftir sérstöðu Suðurlands-undirlendisins í búnaðarháttum. Við ákvörðun skólaseturs hlýtur þetta og að verða mikilsvarðandi.